

{case.involvedparty.companyname}
Reykjavíkurborg - Umhverfis- og skipulagssvið.
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Garðabær, 30. október 2023
Málsnúmer: 202310-0021
SS

Efni: Umsögn um drög að breytingu á aðalskipulagi vegna skotípróttasvæðis á Álfsnesi

Vísað er í tölvubréf frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur dags. 12. október 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um drög að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er varðar skotípróttasvæði á Álfsnesi. Aðalskipulagsbreytingin skapar skilyrði fyrir skotípróttasvæðis til skemmri tíma, meðan fundin er önnur staðsetning fyrir félögin.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um lýsingu fyrir aðalskipulagsbreytinguna þann 21. apríl 2023. Í þeirri umsögn kom Náttúrufræðistofnun með almenna ábendingu um að brýnt væri að bæta vöktun af áhrifum starfsemi skotípróttasvæðisins á lífríki. Þar vægi þyngst hætta á blýmengun vegna hagla. Afar mikilvægt væri að fylgja eftir banni við notkun blýs á svæðinu sem sett var ákvæði um í nýtt starfsleyfi árið 2021. Þá ætti að huga að frekari hreinsun í fjörum sem orðið hafa fyrir áhrifum af blýmengun og stuðla að betri rannsóknnum af mögulegum áhrifum blýmengunar á fuglalíf. Einnig ætti að móta aðgerðir til að draga úr hávaðamengun frá starfsemi, bæði til að minnka truflun fyrir fólk og lífverur.

Fram kemur í greinargerð um drög að aðalskipulagsbreytingu að nánar verður fjallað um umhverfisáhrif aðalskipulagsbreytingarinnar og hvernig tekist verður við þau atriði sem m.a. Náttúrufræðistofnun benti á í umsögn sinni um skipulagslýsinguna, í endanlegri tillögu að aðalskipulagsbreytingu. Náttúrufræðistofnun mun biða með frekari athugasemdir um aðalskipulagsbreytinguna þar til sú endanlega tillaga liggur fyrir með nánari umfjöllun um umhverfisáhrifin og aðgerðir til að draga úr þeim.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

